

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Sjálfseignarstofnunin Skjólgarður er stofnandi sjóðsins.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Hornafjarðarbæ, Austur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 og má ekki skerða þá fjárhæð. Stofnféð skal árlega taka breytingum miðað við neysluverðsvísitölu og skal miðað við grunnvísitöluna 174,2 stig. Auk stofnfjár er eign sjóðsins kr. 8.665.017 í janúar 1996.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að:

1. taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir sjálfseignarstofnunina Skjólgarð.
2. stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir og áheit til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og 2 til vara. Þeir eru tilnefndir af heilbrigðis- og öldrunarráði Austu-Skaftafellssýslu í upphafi hvers kjörtímils nýrrar sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsárið skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok júní ár hvert og sendur Ríkisendurskoðun eins og lög og reglur mæla fyrir um.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki allra stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Austur-Skaftafellssýslu.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

**um frestun á niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls
í Rangárvallaprófastsdæmi, og að nafni Háþéjarsóknar
í Kirkjuhvolsprestakalli verði breytt í Þykkvabéjarsókn.**

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1997.

Þá tilkynnist að kirkjumálaráðherra hefur fallist á ósk sóknamefndar Háþéjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli, sem hlotið hefur samþykkt aðalsafnaðarfundar og sóknarprests, að nafni sóknarinnar verði breytt í Þykkvabéjarsókn.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóniásson.